

SKÝRSLA

TIL

LANDGRUNNSNEFNDAR

Setþykktarmælingar á íslenzka landgrunninu

sumarið 1973

Efnisyfirlit:

1. ARNLAUGUR GUÐMUNDSSON:

Setþykktarmælitækin (sparker) og
framkvæmd mælinga.

2. AXEL BJÖRNSSON:

Frumniðurstöður mælinganna

3. AG og AB:

Lokaorð

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

SKÝRSLA

TIL

LANDGRUNNSNEFNDAR

Setþykktarmælingar á íslenzka landgrunninu

sumarið 1973

Efnisyfirlit:

1. ARNALAUCUR GUÐMUNDSSON:

Setþykktarmelitekin (sparker) og
framkvæmd mælinga.

2. AXEL BJÖRNSSON:

Frumniðurstöður mælinganna

3. AG og AB:

Lokaorð

1. SETPYKKTARMELITÆKIN (SPARKER) OG
FRAMKVÆMD MELINGA

1.1 Þessu tilskrifi er ætlað að greina frá rekstri setþykktarmælis, svokallaðra „Sparker"-tækja, við landgrunnsrannsóknir sumarið 1973. Fyrst verður tækjunum lýst, þá ástandi þeirra í upphafi og staðsetningu um borð í M/S Ísborgu. Síðan stiklað á stóruuum úthald tækjanna, afleiðingar bilana og loks ástandi þeirra við lok mælinga.


1.2 Setþykktarmælirinn er samansettur úr eftirtöldum einingum:

		Fjöldi	Til vara	Lýsing
1	Alternator	1	0	Lister Diesel 45 kw
2	Alternator	1	0	Lister Diesel 6 kw
3	Power Supply	8	1	EEG 220 VAC 4000 VDC
4	Capasitor Bank	12	1	EEG 24x8 uF , 5000 V
5	Trigger unit	4	1	EEG 12x8 uF , 5000 V
6	Sparker array	4	1	fyrir 3 rafskaut
7	Graphical recorder	1	0	TH Grift depth recorder
8	Marker	1	0	rofi eða merki frá USDMA
9	Band pass filter	1	0	KH 10Hz - 100 Hz
10	Tape recorder	1	0	AMPEX
11	Microphone	1	0	Sony
12	Hydrophone receiver	1	0	EEG fyrir 9 hydrophona
13	Hydrophone array	1	0	EEG 6 hydrophónar m/ formögnurum

sem eru tengdar eins og sýnt er á mynd 1.

1 og 2 eru aflgjafar. 3,4,5 og 6 er sendihlið tækjanna, sem stjórnað er af 7. 7,9,12 og 13 eru viðtökuhlið tækjanna, 8 og 11 búnaður til staðarmerkinga og 10 ætlað að geyma viðtekin merki.

Mynd I



1.3 Í mars hófst athugun á ástandi tækjanna og viðgerðir. Eins og fram kemur í skýrslu K.T. um mælingarnar sumarið 1972 kvíknaði eldur í sendihlið tækjanna, sem slökktur var með dufti og voru tækin ekki notuð eftir það.

Virtist næsta vonlitið að koma mætti tækjarusli þessu í nothæft ástand því auk þess að vera afakin slökkvidufti, sem smogið hafði á ólíklegustu staði, voru kassarnir farnir að gefa sig. Hafði það orsakað ýmiss skammhlaup og útleiðslur sem gert hefur ójarðtengd tekin lífshættuleg.

Í stórum dráttum voru allar einingar sem tilheyra sendihliðinni rifnar í spað og settar saman á nýjan leik. Tvö spenna (hlutar power supplya) þurfti að senda atil viðgerðar en annað var lagfært á staðnum. Voru þessar aðgerðir mjög tímafrekar og leiddi það til þess að útökkuhliðin fékk ekki jafn gaumgæfilega yfirferð. Þá vannst tími til að lagfæra skrifara, hydrophoneslöngu, hydrophone- viðtæki auk þess að breytt var svokallaðum „millikassa“, þannig að hann geymir nú allt aðlögunarkerfi milli tækja sem áður lá hér og þar (millikassinn er teiknaður með svörtum ferningum á mynd 1.). Filterið var prófað og reyndist í lagi en sömu sögu er ekki hægt að segja um segulbandið. Þegar það komst í gang var það prófað með spólu frá '72 en ekki tókst að samhæfa gang þess og skrifarans. Var augljóst að viðgerð þessa atriðis myndi vera tímafrek nákvæmnisvinna og var þánni frestað en áherzla lögð á að fá þá örugglega pappírsútskrift á niðurstöðum. Prátt fyrir tilraunir tókst ekki að gera við segulbandið um borð, en verið getur að breytileg tíðni Listervélarinnar (2)(en hún stjórnar hraða segulbandsins) hafi átt þar sök á. Þegar tekið var utan

af sparkergrindunum (6) 5 kom í ljós að tvær þeirra voru í lagi, tvær mátti gera við en sú fimmta var geymd ef nota mátti eitthvað af leyfnum sem varahluti.

- 1.4 Tækjunum var svo komið fyrir um borð í M/S Ísborgu eins og sýnt er á mynd 2. Senditækin höfð fram í lúkar en viðtökuhliðin í loftskeytaklefa.
- 1.5 Í stuttu málí og tölum gengu mælingarnar þannig fyrir sig:
Sigt var frá Reykjavík þann 15. maí, mælingar hófust þ. 18. maí og lauk þann 22. september.
Komið til Reykjavíkur þ. 24. september.

Úthald	133	dagar
Tafir vegna skips,siglinga,landstöðva,veðurs	31	"
Tafir vegna Raydist,dýptarmælis,sparkers	49	"
Virkir mælingadagar	53	"


Af þessu voru

Tafir mælinga vegna sparkers	0,5	"
Setþykktarmælingastopp vegna Rafals (1)	3	"
- " - " sparkers (3-13)	0,5	"
Setþykktarmælingar lélegar vegna sparkers(9-13)	1,5	"
Virkir sparkerdagar	48	"

- 1.6 Í raun gefa þessar tölur ekki rétta mynd af úthaldsgetu sparkertækjanna nema athugaðmr sé sá tími sem mælingar töföst en það voru samtals 80 dagar. Þeði fóru saman bilanir sparkers og annarra tækja (sem þá eru talin tefja mælingarnar) en einnig var tíminn notaður til bilanafyrirbyggjandi viðhalds eftir því sem kostur var.

Mynd 2

Staðsettning Sparker-tækja
um borð i MS Ísborgu



þá hafði það ekki hvað minnst að segja að sendihlið sparkersins er skipt í fjórar sjálfstæðar einingar sem allar voru einungis notaðar í upphafi, svæði 04 og 03. Á þessum svæðum biluðu sparkergrindur (6) og tilheyrandi kaplar svo mikið að til stórvandræða horfði. Var því ákveðið að spara og nota einungis 1 eða 2 sparkergrindur í einu hvað var gert með einni undantekningu, 29, 30 og 31 svæði 13. Þetta varð til þess að a.m.k. eitt sett var alltaf tilbúið ef eitthvað bæri út af. Töf vegna sendihliðarinnar var u.p.b. ein klukkustund.

Rafskaut sparkergjinda eyðast við notkun en reikna má út endingu þeirra nokkurn veginn. Virtist mér gilda líkingin

$$\frac{K}{S_0} \cdot t = E$$

þar sem K er $3,3 \times 10^5$ KJ

S_0 er sendiorkan í KJ

t er tíminn milli dendinga í sek

E er ending rafskauta í sek

Rafskaut Triggerunita (6) eyðast einnig. Gefið er upp af framleiðanda að þau endist a.m.k. eina viku ef sent er með 10 sekúndna millibili með sendiorkunni 11 KJ.

Okkar reynsla var að þau endast a.m.k. 2 mánuði með sömu senditiðni af sendiorkan er 7 KJ (og þau hreinsuð við og við).

1.7 Pégar tækin voru tekin frá borði þörfnuðust eftirtaldar einingar viðgerða:

2 power supply

1 capacitor bank

3 sparker array

Graphical recorder

Tape recorder

Hydrophone array

Ef nota á sparkertækin síðar er nauðsyndægt að yfirfar þó rækilega auk viðgerða ofantalinna eininga.

Boomer-tækin voru ekki notuð í summar. Þó var sendirinn prófaður og reyndist í lagi en tilheyrandi hydrophonslanga er ónothæf þar sem í hana vantar formagnara.

2. Frumniðurstöður (A.B.)

2.1 Inngangur

Teljavverður að setmælingar á íslenska landgrunninu sumarið 1973 hafi gengið nokkuð vel og að árangur sé bærilega góður miðað við ástand og aldur mælitækjanna, sem notuð voru. Einkum fékkst nokkuð góð mynd af hinu eiginlega landgrunni þ.e. út að 200-300 m dýptarlínu en tækin reyndust ekki vera nógú aflmikil til þess að gefa nothæfa mynd af botnlögun á mun meira dýpi þ.e. um 1000 m eins og algengt er framan við landgrunnsbrúnina. Skipti þar litlu máli, hvort notaðar voru tvær eða fjórar sparkergrindur.

Fram til þessa hefur vitneskja manna um setlög á landgrunninu umhverfis Ísland verið af skornum skammti. Einstaka mælingar hafa þó farið fram á sliku, en aðeins á einstökum línum eða takmörkuðum svæðum. Olíuleitarskip frá Shell sigldi eina línu út af Faxaflóa og tvö bandarísk rannsóknaskip (Johnson, Schilling) hafa athugað svæðið norður af Tjörnesi en niðurstöður eru enn ókunnar. Sama máli gegnir um rússneskar athuganir, sem fram fóru sumarið 1973. Greint er frá setmælingum Landgrunnsnefndar 1972 í skýrslu nefndarinnar 1972 svo og í vantanlegri tímaritsgrein eftir Kjartan Thors og Leó Kristjánsson. Setlög hafa fundist í borholu í Vestmannaeyjum. Hugmyndir manna hér á landi um gerð og uppbyggingu landgrunnsins hafa verið nokkuð mismunandi. Einkum hefur verið óljóst hvort eða að hve mikluleyti landgrunnið væri samansett af setlögum annars vegar og basalti eða storkubergi hins vegar. Vitneskja um þetta hefur mikla

býðingu í sambandi við grundvallarhugmyndir um jarðsögu landsins og gæti haft hagnýtt gildi, ef finnast ókyldu vinnanleg efni eins og byggingarefni, skeljasandsnámur eða jafnvel olía.

2.2

Fyrstu niðurstöður.

Þegar litið er á útkomu mælinganna í heild verður strax ljóst að á landgrunnu eru viðast hvar engin eða aðeins þunn setlög þ.e. örfáir metrar, sem varla sjást á útskrift tækjanna.

A einstaka stöðum eru þó allt að 200 m þykk set fyrir hendi, einkum út af fjörðum eins og t.d. Axarfirði þar sem mikill árframburður hefur átt sér stað og út af Vestfjörðum þar sem jökulrof hefur verið mikið. Fullvist má telja, að setlög þessi séu að mestu jökulurðir og árframburður (sandur) þ.e. efni, sem rofist hefur af landinu síðla á og eftir ísöld. Hvergi fundust setlög yfir 200-300 m að þykkt.

Þessar niðurstöður benda til þess að landgrunnið sé úr föstu gosbergi að minnsta kosti efsti hluti þess. Ekki er hægt að segja til um, hvort þykk setlög gætu verið undir fasta berгинu eða ekki, því orka tækjanna er ekki nægjanleg til að fara í gegnum fast berg heldur endurkastast öll frá yfirborði þess.

Í landgrunnsbrúninni og utan við hana gefa setmælingarnar harla litlar upplýsingar vegna orku-skorts. En þó má greina á nokkrum stöðum, að botninn er gerður úr linum jarðlöögum en ekki tókst að sjá botn þeirra. Þetta á einnig við svæðið út af NA-landi þar sem rússneskur leiðangur fann 2-3 km þykk setlög á 1-2 km djúpu vatni.

2.3 Framtíðaráfþom.

Niðurstöður mætmælinganna liggja nú fyrir á pappírsrúllum sem útskrift úr skrifara. Hafa einstakar línur verið tengdar saman í heild og gögnin merkt og flokkuð eftir svæðum og línum. Fyrirhugað er að merkja niðurstöður inn á kort í mælikvarðanum 1:250 þúsund og fá þannig heildarmynd af seti á landgrunninu. Síðan verða einstakir staðir athugaðir nánar með hliðsjón af annarri vitneskju um jarðfræði þeirra. Fyrirhugað er að ljúka þessu verki á árinu 1974.

3. Lokaorð.

Höfundar þessarar skýrslu ásamt þeim Magnúsi Má Magnússyni, Guðmundi Böðvarssyni og Óskari Hall-dórssyni (allir frá Orkustofnun) sáu um setþykkt-armælingar mm borð. Stefán Sigurmundsson sá um hluta undirbúnings og ýmiss störf í landi. Þeim, áhöfn skipsins svo og öllum öðrum samstarfsmönnum færum við okkar bestu þakkir fyrir sumarið.

Reykjavík 20.1.1974

Axel Björnsson

Arnlaugur Guðmundsson